



Drög að fundargerð 102. fundar svæðisskipulagsnefndar

102. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 17. september 2021 kl. 13:30 á staðfundum og fjarfundum. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum í Hamraborg 9 og með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011:

Reykjavík:

Pawel Bartoszek

Marta Guðjónsdóttir

Kópavogsbær:

Helga Hauksdóttir – formaður svæðisskipulagsnefndar

Bergljót Kristinsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ólafur Ingi Tómasson

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson

Harpa Þorsteinsdóttir

Mosfellsbær:

Sveinn Óskar Sigurðsson

Seltjarnarnesbær:

Ragnhildur Jónsdóttir

Karen María Jónsdóttir

Kjósarhreppur:

Formaður setti fund og stýrði. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Samþykki fundargerðar

Lögð fram til samþykktar 101. fundargerð svæðisskipulagsnefndar dags. 11.06.2021

Niðurstaða fundar:

Samþykkt samhljóða.

2. Starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar 2022 / málsnr. 1510002

Lögð fram tillaga svæðisskipulagsstjóra dags. 15.09.2021.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt samhljóða.

Vísað til aðildarsveitarfélaga.

3. RVK Íbúðarbyggð og blönduð byggð 2010-2030 2040 – 1908002 / málsnr. 1908002

Lagt fram bréf deildarstjóra aðalskipulag Reykjavíkurborgar dags. 16.06.2021 og 13.08.2021 þar sem vakin er athygli að lögformleg auglýsing á tillögu að endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur 2010 – 2030, aðalskipulag Reykjavíkur 2040, sé hafin.



Uppfært aðalskipulag byggir á þeirri sýn og stefnumörkun sem samþykkt var með AR2010–2030 og tók gildi í febrúar 2014. Valdir þættir aðalskipulagsins hafa þó verið endurskoðaðir, einkum þeir sem snúa að stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð á áhrifasvæði Borgarlínu innan vaxtarmarka þéttbýlis.

Helstu breytingar í uppfærðri áætlun varða Þróun þéttbýlis innan vaxtarmarka til ársins 2040 og framlenging skipulagstímabils; Borgarlína fest í aðalskipulaginu, sbr. staðfest breyting á svæðisskipulagi; Ákveðnari viðmið um að þéttleiki byggðar ráðist af nálægð við almenningssamgöngur og fjölbreytta atvinnukjarna; Háleitari markmið um breyttar ferðavenjur og kolefnishlutleysi; Nýr stokkur skilgreindur fyrir Sæbraut og skerpt á stefnu um stökk fyrir Miklubraut; Auknar kröfur gerðar um gæði íbúðarbyggðar, sólrík útisvæði og aðgengi að grænum svæðum.

Með tilliti til svæðisskipulags innleiðir tillaga að nýju aðalskipulagi vaxtamörk höfuðborgarsvæðis og uppfærð vatnsverndarmörk, afmarkar leiðarkerfi Borgarlínu og samgöngu- og þróunarás, skilgreinir viðmið um þéttingu byggðar m.t.t. fjarlægðar frá stöðvum Borgarlínu, landskjarna sbr. skilgreiningu svæðisskipulag, 20 mín. hverfið o.fl.

Svæðisskipulagsnefnd hafði áður fengið drög að tillögu til umsagnar á 97. fundi dags. 06.11.2020 þar sem lögð var fram eftirfarandi bókun:

Svæðisskipulagsnefnd bendir á að í svæðisskipulagi koma fram ýmiss markmið og aðgerðir sem vísað er til útfærslur í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að í svæðisskipulagi koma fram viðmið um einkenni bæjarkjarna í töflu 2, sem sveitarfélög þurfa að útfæra nánari í aðalskipulagi.

Svæðisskipulagsnefnd bendir á að fjögurra ára þróunaráætlun um íbúðaruppbyggingu og aðra uppbyggingu er í vinnslu hjá SSH. Fyrstu tölur um áætlaða íbúðaruppbyggingu sveitarfélaganna til næstu fjögurra ára verða tilbúnar til rýni innan skamms og gætu þær kallað á endurskoðun varðandi áætlaða íbúðaruppbyggingu í tillögu að nýju aðalskipulagi Reykjavíkur.

Niðurstaða fundar:

Meirihluti nefndar: Pawel Bartoszek, Helga Hauksdóttir, Bergljót Kristinsdóttir, Ólafur Ingi Tómasson, Sigurður Guðmundsson, Harpa Þorsteinsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir og Karen María Jónsdóttir gera ekki athugasemdir við tillöguna og benda á eldri bókun frá 97. fundi nefndarinnar.

Bókun Mörtu Guðjónsdóttur:

Aðalskipulag til 2040 er gallað, ekki síst í húsnæðismálum. Nauðsynlegt er að íbúðaframboð sé fullnægjandi og raunsætt á tímabilinu. Ef spá um kröftugan vöxt rætist er árleg þörf talin 1.210 íbúðir á ári til 2040. Að óbreyttu mun þessi tala ekki nást og húsnæðisverð í Reykjavík því áfram undir þrýstingi vegna skorts á fjölbreyttu framboði bygginga. Áhyggjur vekur að ekki er áformað að heimila uppbyggingu á Keldum fyrr en eftir áratug. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum í Örfirisey né á BSÍ reit. Hætta er því á að áfram skorti hagkvæma reiti til fjölbreyttrar húsnæðisuppbyggingar og óvissa er um uppbyggingu í Úlfarsárdal. Þá er beinlínis gengið út frá því að yfir 4.000 íbúðir verði byggðar á skipulagstímanum þar sem flugbrautir Reykjavíkurflugvallar eru, en í athugasemdum Skipulagsstofnunar er bent á að ekki liggur fyrir ákvörðun af hálfu ríkisins að leggja af flugvöll í Vatnsmýri. Það er með öðrum orðum gat í húsnæðisáætlun borgarinnar upp á þúsundir íbúða. Gengið er á græn svæði og beinlínis gert ráð fyrir fjögurra hæða húsum efst í Laugardalnum upp á 30.000 m² (á reit M2g). Tillagan gerir ekki ráð fyrir sveigjanleika hvað varðar notkunarheimildir atvinnuhúsnæðis.



Undanfarin ár hafa sýnt hversu mikið getur breyst á stuttum tíma. Af þessum sökum öllum leggst ég gegn þessu aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040.

Bókun Sveins Óskars Sigurðssonar:

Fulltrúi Miðflokksins greiðir ekki atkvæði undir þessum lið. Mikilvægt er að nefndarmenn fái aðgang og frekari upplýsingar áður en umsögn er gefin. SSH er einnig að ljúka við fjögurra ára þróunaráætlun sem ekki liggur fyrir. Mikilvægt er að fresta þessari afgreiðslu í þessu ljósi.

4. Drög að landsáætlun í skógrækt 2021-2031 / málsnr. 2105004

Lagt fram bréf skipulagsfulltrúa Skógræktar dags. 7.5.2021 þar sem óskað er umsagna um drög að landsáætlun í skógrækt. Í stefnunni kemur fram sú framtíðarsýn að aukin útbreiðsla og vöxtur skóga verður lykilatriði í að Ísland nái kolefnishlutleysi árið 2040. Í framhaldinu verða skógar snar þáttur í að Ísland bindi meira kolefni en það losar. Umsagnartími er liðinn en þrátt fyrir það er hægt að koma ábendingum nefndarinnar á framfæri.

Niðurstaða fundar:

Ekki gerðar athugasemdir. Svæðisskipulagsnefnd vekur jafnframt athygli á leiðarljós svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040 sem varða útívista- og náttúrusvæði, aðgengi og uppbyggingu innviða fyrir tómsundur og uppbyggingu stíganets, og hvort þau geti nýst við áframhaldandi vinnu verkefnisins.

Svæðisskipulagsstjóra er falið að taka saman minnisblað um skógrækt á svæðisskipulagsstigi m.t.t. landgræðslu og landnýtingar og kynna fyrir nefndinni.

Bókun Sveins Óskars Sigurðssonar:

Lögð er ríka áhersla á skógrækt í landinu. Mikilvægt er að tryggt sé að samþætting verði á milli skipulags byggingasvæða í framtíðinni og svæðisskipulags þegar litið er til skógræktar. Lögð er áhersla á að umhverfis- og skipulagsnefndir sveitarfélaganna innan SSH, í samráði við svæðisskipulagsstjóra, leggja fram áætlun um nýtingu lands til framtíðarinnar m.t.t. skógræktar og íbúðabyggingar.

5. Drög að Landgræðsluáætlun 2021-2031 / málsnr. 2105003

Lagt fram bréf frá Landgræðslunni dags. 6.5.2021 þar sem óskað er umsagnar um drög að landgræðsluáætlun. Meginmarkmið landgræðsluáætlunar lúta að vernd og endurheimt vistkerfa, vernd kolefnisríks jarðvegs, samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landi og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri samhliða því að efla líffræðilega fjölbreytni. Áætlunin setur fram sýn um hvað leggja skal til grundvallar fyrir landgræðslustarfið. Jafnframt er fjallað um hvernig má auka þanþol og viðnámsþrótt vistkerfa og nýta land á sjálfbæran hátt, í takt við vistgetu þess. Umsagnartími er liðinn en þrátt fyrir það er hægt að koma ábendingum nefndarinnar á framfæri.

Niðurstaða fundar:

Ekki gerðar athugasemdir. Svæðisskipulagsnefnd vekur jafnframt athygli á leiðarljós svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040 sem varða útívista- og náttúrusvæði, aðgengi og uppbyggingu innviða fyrir tómsundur og uppbyggingu stíganets, og hvort þau geti nýst við áframhaldandi vinnu verkefnisins.

Svæðisskipulagsstjóra er falið að taka saman minnisblað um skógrækt á svæðisskipulagsstigi m.t.t. landgræðslu og landnýtingar og kynna fyrir nefndinni.



6. UST Grafarvogur innan Gullinbrúar -friðlýsing / málsnr. 2108004

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dags. 09.07.2021 þar sem kynnt eru áform um friðlýsingu Grafarvogs innan Gullinbrúar.

Niðurstaða fundar:

Meirihluti nefndar: Pawel Bartoszek, Marta Guðjónsdóttir, Helga Hauksdóttir, Bergljót Kristinsdóttir, Ólafur Ingi Tómasson, Sigurður Guðmundsson, Harpa Þorsteinsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir og Karen María Jónsdóttir gera ekki athugasemdir við tillöguna en vekja athygli á tengingum svæðisins við græna geira sem koma fram í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Bókun Sveins Óskars Sigurðssonar:

Fulltrúi Miðflokksins hafnar því að frekari friðanir verði að veruleika í borgarlandinu og á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan er sú að stjórnámálamenn eru stöðugt að reyna að fegra annars auma ímynd sína við friðanir sem aðeins þrengja að sveitarfélögum og framtíðar áformum byggðar sem þarf að þróast og dafna. Samhliða þessu ferli stangast á friðanir við ákvarðanir um að fylla upp í Skerjafjörðinn þar sem um er að ræða fjörur og förgur náttúruvætti. Eina sem mun gerast í framtíðinni er að aðrir þurfa að affriða flest það sem nú er verið að friða.

7. UST Blikastaðakróar - Leiruvogur -friðlýsing / málsnr. 2108003

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dags. 09.07.2021 þar sem kynnt eru áform um friðlýsingu.

Niðurstaða fundar:

Meirihluti nefndar: Pawel Bartoszek, Marta Guðjónsdóttir, Helga Hauksdóttir, Bergljót Kristinsdóttir, Ólafur Ingi Tómasson, Sigurður Guðmundsson, Harpa Þorsteinsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir og Karen María Jónsdóttir gera ekki athugasemdir við tillöguna en vekja athygli á tengingum svæðisins við græna geira sem koma fram í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Bókun Sveins Óskars Sigurðssonar:

Fulltrúi Miðflokksins hafnar því að frekari friðanir verði að veruleika í borgarlandinu og á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan er sú að stjórnámálamenn eru stöðugt að reyna að fegra annars auma ímynd sína við friðanir sem aðeins þrengja að sveitarfélögum og framtíðar áformum byggðar sem þarf að þróast og dafna. Samhliða þessu ferli stangast á friðanir við ákvarðanir um að fylla upp í Skerjafjörðinn þar sem um er að ræða fjörur og förgur náttúruvætti. Eina sem mun gerast í framtíðinni er að aðrir þurfa að affriða flest það sem nú er verið að friða.

8. Hfj. Tvöföldun Reykjanesbrautar / málsnr. 2108002

Lagt fram bréf Umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðar dags. 13.07.2021 þar sem kynnt er breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Breytingin felur í sér tvöföldun á Reykjanesbrautar í núverandi vegstæði.

Reykjanesbraut er skilgreind sem meginstofnvegur í svæðisskipulagi, þar sem hugað er sérstaklega að greiðu og öruggu flæði einka- og þungaumferðar.

Nefndin hafði áður fengið skipulagslýsingu til umsagnar á 95. fundi dags. 25.09.2020 og gerði ekki athugasemdir við lýsingu.



Niðurstaða fundar:

Ekki gerðar athugasemdir og lögð áhersla á að samhliða breikkun Reykjanesbrautar verði lögð áhersla á að tryggja greiðar tengingar fyrir gangandi og hjólandi til að búa til góða tengingu milli Höfuðborgarsvæðis og Suðurnesja.

9. MOS Ævintýragarðurinn -deiliskipulag / málsnr. 2106005

Lagt fram bréf skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar dags. 9.6.2021 þar sem vakin er athygli á auglýsingu nýs deiliskipulags.

Niðurstaða fundar:

Ekki gerðar athugasemdir. Nefndin vil vekja athygli á tengingum svæðisins við græna geira í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og tengingar við græna trefilinn.

10. Hfj. Snókalönd við Bláfajallaveg -Nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði / málsnr. 2106004

Lagt fram bréf Umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðar dags. 8.6.2021 þar sem óskað er umsagnar vegna skipulagslýsingar fyrir nýtt afþreyingar og ferðamannasvæði í uppsveitum Hafnarfjarðar. Svæðið er nálægt Krýsuvíkurveg og er innan hverfisverndarsvæðis í jaðri græna trefilsins. Svæðið er að hluta raskað vegna fyrri efnistöku.

Niðurstaða fundar:

Ekki gerðar athugasemdir.

11. RVK Lágmulí, Háaleitisbraut, Kringlumýrarbraut, Suðurlandsbraut/ málsnr. 2105006

Lagt fram bréf Umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðar dags. 18.05.2021 þar sem vakin er athygli á auglýsingu á skipulagslýsingu dags. 19.04.2021 sem er jafnframt lögð fram. Þar er lýst fyrirhugaðri skipulagsvinnu fyrir uppbyggingu blandaðrar byggðar, í samræmi við niðurstöður skipulagssamkeppni C40.

Niðurstaða fundar:

Meirihluti nefndar: Pawel Bartoszek, Helga Hauksdóttir, Bergljót Kristinsdóttir, Ólafur Ingi Tómasson, Sigurður Guðmundsson, Harpa Þorsteinsdóttir og Karen María Jónsdóttir gera ekki athugasemdir við skipulagslýsingu en benda á að í svæðisskipulagi koma fram viðmið um einkenni bæjarkjarna í töflu 2, sem sveitarfélög þurfa að útfæra nánar í aðalskipulagi og deiliskipulagi. Svæðisskipulagsnefnd bendir einnig á að umrætt svæði er innan samgöngu- og þróunaráss sem skilgreindur var í sérstakri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins árið 2018. Í breytingunni segir að uppbygging skuli vera samgöngumiðuð (e. transit-oriented) í þeim skilningi að lögð er áhersla á þéttingu og blöndun byggðar og að umhverfið sé liðlegt þeim sem fara ferða sinnar og sækja þjónustu fótgangandi eða hjólandi.

Bókun Mörtu Guðjónsdóttur:

Með þrengingu og fækkun akreina á Suðurlandsbraut mun aðgengi að þeirri starfsemi sem nú þegar er fyrir á svæðinu og þeirri uppbyggingu sem fyrirhuguð er verða mjög slæmt. Á þessu svæði eru mörg mikilvæg fyrirtæki og þjónusta og því mikilvægt að gott aðgengi sé að þeim en það verður ekki tryggt nema fallið verði frá því að fækka akreinum á Suðurlandsbraut.

Sveinn Óskar Sigurðsson og Ragnhildur Jónsdóttir taka undir bókun Mörtu Guðjónsdóttur.



12. Seltj. Ráðagerði-verslun og þjónusta / málsnr. 2012006

Lagður fram tölvupóstur skipulags- og byggingarfulltrúa Seltjarnarnesbæjar dags. 18.8.2021 þar sem vakin er athygli á auglýsing á deiliskipulagsbreytingu. Tillagan felur í sér breytta landnotkun á svæði vestan Bygggarða, þar sem Ráðagerði stendur. Þar er fyrirhuguð veitingasala og gert ráð fyrir auknum bílastæðum.

Svæðisskipulagsnefnd hafði áður fengið aðalskipulagsbreytingu til umsagnar á 99. fundi og gerði ekki athugasemdir við tillöguna.

Niðurstaða fundar:

Ekki eru gerðar athugasemdir.

13. Sn Valhúshæð og aðliggjandi útivistarsvæði, Kirkjubraut 20-Deiliskipulag / málsnr. 2108007

Lagður fram tölvupóstur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Seltjarnarness dags. 18.08.2021 þar sem vakin er athygli á auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi. Breytingin felur í sér skilgreiningu á nýrri lóð við Kirkjubraut 20. Stærð lóðar um 1.900 m² og innan lóðar er heimilað reisa hús að hámarki 560 m² á einni hæð með samtals 6 íbúðum.

Niðurstaða

Ekki eru gerðar athugasemdir.

14. Gb Urriðaholt-norðurhluti 4-Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 / málsnr. 2012004

Lagt fram bréf skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 15.06.2021 þar sem vakin er athygli á auglýsingu á skipulagslýsingu vegnar breytingar á aðalskipulagi Garðabæjar og deiliskipulagi Urriðaholts. Í breytingunni er til skoðunar að gera ráð fyrir 70 – 80 íbúðir fyrir 50 ára og eldri á lóð Urriðaholtsstrætis 9.

Niðurstaða

Ekki eru gerðar athugasemdir.

Fleira var ekki gert. Fundi lauk klukkan 15:30